

Fréttabréf AFLs

3. tbl. 2018

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Tveir nýir félagsmenn, starfsmenn Einis hf., setja saman ný húsgögn í endurbettu húsin

Tvö hús endurbyggð

Lokið er endurbótum á tveimur af sumarhúsum AFLs á Einarstöðum á Héraði. Húsin voru að mestu endurbyggð og stækkuð.

Verktakarnir Einir hf. á Egilsstöðum hafa annast alla framkvæmdina en Mannvit verkfræðistofa sá um hönnun og eftirlit með framkvæmdum.

Húsin voru lengd um röskan metra og herbergjaskipan að innan breytt þannig að eldhús var fært hornanna á milli og baðherbergi fært til. Þá var herbergjum fækkað um eitt og eru núna tvö svefnherbergi með alls 5 rúmstæðum.

Skípt var um einangrun í veggjum, raflagnir teknar í gegn og settur gólfhiti. Allar innréttingar eru nýjar

og koma frá Miðás á Egilsstöðum.

Áður hefur eitt húsa félagsins verið tekið í gegn en það gerðist í kjölfar vatnsskaða sem þar varð. Eftir að þeirri endurbyggingu lauk var það mat fólks að endurskoða þyrfti hönnun á breytingunum og var það gert nú.

Félagið á alls 19 orlofshús á Einarstöðum og er því ærið verkefni að endurbyggja þau öll. Verður það væntanlega gert í áföngum á næstu 3-4 árum og má búast við að framkvæmdir við næstu 4 hús verði boðnar út síðla sumars.

Síðan heitir pottar voru settir við sumarhúsin að Einarstöðum hefur nýting húsa að vetrarlagi aukist verulega og er vinsælt hjá félagsmönnum að eyða helgum þar




Sigurður í Eini og Andri frá Mannvit mæla fyrir hillum. Ungur aðstodarmaður fylgist með.

með fjölskyldum sínum.

Félagið á einnig tvö hús í Klifabotni við Lón, tvö hús í Ölfusborgum og tvö hús að Illugastöðum í Fnjóskadal.

AFL leigir að auki nokkur önnur sumarhús yfir sumarmánuðina til afnota fyrir félagsmenn.



Fjórtán milljarða tilfærsla

Fjármálaráðherra kynnti nýverið hugmyndir um allt að 1% lækkan á neðra skattþrepi, sem innlegg í komandi kjaraviðræður. Þessi breyting myndi þýða mögulega 1.500 kr. skattalækkun fyrir launþega á 300.000 kr. mánaðarlaunum en mun meira fyrir tekjuhærri hópa eða allt að 6.000 kr. á mánuði.

Ójöfnuður myndi því halda áfram að aukast.

Hvar eru kommúnistarnir núna?

Mikil óvissa ríkir nú á vinnumarkaði varðandi komandi kjarasamninga en almennir samningar verða lausir næstkomandi áramót. Skilaboðin um hvert skuli stefna eru misvísandi. Annars vegar vöktu úrslit formannskosninga í Eflingu mikla athygli, en þar vann skelegg kona sem er yfirlýstur sósíalísti og boðar aukna hörku í kjarabaráttu. Að auki hafa formenn VR, VÍF, Akraness og Framsýnar á Húsavík farið mikinn í málflutningi og m.a. lýst vantrausti á forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnsson. Hins vegar er ýmislegt sem bendir til þess að fjöldi félagsmanna, jafnvel í þessum félögum, sé ekkert endilega tilbúinn í hörð átök.

Rót reiðinnar

Eins og fram hefur komið m.a. í kynningarmyndböndum frá ASÍ og AFLi síðustu vikur hefur skattbyrði verið færð í auknum mæli á ungt fólk og tekjulágt fólk síðasta áratug. Þetta hefur aðallega farið fram í gegnum millifærslukerfið, þ.e. barnabætur og vaxtabætur eða húsnæðisbætur. Fjárhæðir þessara bóta hafa að mestu staðið í stað og viðmiðin verið færð neðar.

Það má færa rök fyrir því að nánast ómögulegt sé að fá vaxtabætur. Til að fá vaxtabætur þarf að hafa það lág laun að erfitt er fyrir viðkomandi að fá lán til húsnæðiskaupa. Nefna má t.d. að hjón með 395.000 mánaðarlaun hvort um sig fengju ekki vaxtabætur vegna tekna. Þessi sömu hjón væru einnig búin eða um það bil búin að missa allar barnabætur vegna tekna.

Rót reiðinnar liggur ekki síður í vaxandi ójöfnuði en fregnir af milljóna launa aukum og bónusgreiðslum eru nánast daglegt brauð. Þannig sér stór hluti almennings sig sem áhorfanda að því „góðæri“ sem hér er sagt ríkja og fær að lykta af réttunum, en ekki að smakka.

Húsnæðismál í ólestri

Á árunum eftir bankahrún tóku landsmenn fegins hendi á móti vaxandi straumi ferðamanna og landið var þá ódyrt heim að sækja enda krónan verðlítill Matadorpeningur. Á liðnum árum hefur ferðamannaiðnaðurinn blásið út og tekið yfir lungann af öllu lausu húsnæði á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Íbúðir sem ættu að hýsa launafólk eru nú leigðar út fyrir hátt leiguverð – innan eða utan hins opinbera hagkerfis – og leiguverð hefur farið hratt hækkandi.

Verulegur skortur er því á húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort heldur er til leigu eða kaups.



Ferðamannaiðnaðurinn hefur skóflað öllu til sín og það sem eftir stendur hefur að miklu leyti verið keypt upp af leigufélögum, jafnvel með niðurgreiddum húsnæðislanum ríkisins.

Krónan til trafala

Hátt gengi krónunnar þessa dagana veldur miklum búisfjum hjá útflutningsfyrirtækjum en á sama tíma eykur það kaupmátt almennings. Vegna styrkingar krónunnar hefur innlend verðbólga að mestu drukknað í verðlækkunum á erlendum aðföngum en láti krónan undan síga má búast við hinu versta.

Háir styrivextir yta undir styrkingu krónunnar. Við bætist innflæði fjármagns til fjárfestinga og svo tekjur af ferðamönnum. Bindiskylda erlendra fjárfesta hamlar eitthvað á móti en verði losað um bindiskylduna má búast við að krónan styrkist enn frekar, nema þá að unnt verði að ná vöxtum verulega niður á

sama tíma. Áhrif gjaldmiðilsins á efnahagslífið eru síðan þau að á meðan útflutningurinn berst fyrir lífi sínu slær innflutningur á bílum og hjólhýsum ný met mánaðarlega.

Ef krónan styrkist enn frekar það sem eftir lifir árs munu þeir hópar sem eru að njóta berjast fyrir áframhaldandi óbreyttu ástandi og reyna að koma í veg fyrir að einhverjir spilli veislunni.

Reiði þeirra sem ekki njóta, fólksins í tveimur lægstu tekjufimmtungunum, mun aukast og magnast, sérílagi ungra barnafjölskyldna sem eru ofurseldar leigumarkaði eða að berjast við húsnæðis kaup.

Misvísandi skilaboð

Ef litið er til athugasemdadálka samfélagsmiðla og fjölmiðla mætti halda að hér væri vopnuð bylting í undirbúningi. Slík er reiðin og heiftin í málflutningi. Ef hins vegar er litið á niðurstöður sveitarstjórnkosninga

og skoðanakönnunar á fylgi ríkisstjórnarinnar blasir annar veruleiki við. Til dæmis í Kópavogi þar sem bæjarstjóri hækkaði nýverið um tvöföld lágmarkslaun, þ.e. hækkunin var á við tvo starfsmenn á leikskóla, vann sami bæjarstjóri kosningasigur.

Ef frá er talinn ágætur sigur Sósíalístaflokksins í Reykjavík er erfitt að greina skarpar línur úr þessum kosningum og langsótt að tala um einhverja bylgu til félagshyggju.

Samkvæmt síðustu skoðanakönnun nýtur ríkisstjórnin ennþá 54% stuðnings. Sá stuðningur er að vísu fallandi og veiðileyfagjaldsmálið mun ekki verða til að auka vinsældir stjórnarinnar. Búast má við að reiði almennings beinist aðallega að Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, þ.e. flokknum sem kveðst standa fyrir félagshyggju og leiðir ríkisstjórnina.

Skilaboðin sem verkalýðsfélögnum ber að fara eftir og hlusta á, eru skoðanir félagsmanna. Þau félög sem eru farin að sækja skilaboðin frá baklandinu eru ekki að fá fyrirmæli um hörð átök. Fólk virðist leggja mesta áherslu á að verja kaupmátt launa og ná fram breytingum á skattkerfi, t.d. persónuafslætti.

Eins og fram kom í skýrslu Alþýðusambandsins frá í haust hefur skattbyrði á láglaunafólk aukist mun meira hlutfallslega en á hátekjufólk síðustu ár. Það væri því eðlilegt að beina helstu kröfum að ríkisvaldinu en vandamálið er að ríkisvaldið er ekki aðili að samningum stéttarfélaganna við Samtök



atvinnulífsins og samkvæmt lögum um stéttarfélag og vinnudeilur er óheimilt að beina vinnustöðvunum til að knýja stjórnvöld að borðinu og til samninga.

Það liggur hins vegar fyrir að komi til harðra átaka á vinnumarkaði næsta vetur mun aðkoma ríkisstjórnarinnar geta ráðið úrslitum og verður sennilega nauðsynleg þar sem svigrúm fyrirtækja í útflutningi er lítið – allavega svo lengi sem krónan verður í núverandi hæðum.

Hvar eru allir kommúnistarnir?

Sagt er að Stalín hafi spurt miðstjórnarmenn sovéska Kommúnistaflokksins þessarar spurningar í heimstýrjöldinni, þegar það vitnaðist að synir flestra miðstjórnarmanna væru í þægilegri innivinnu langt að baki víglínunnar.

Á sama hátt getum við spurt um hverjir ætli að vera í forsvari komandi vetur í harðri kjarabaráttu. Hverjir eru klárir í verkföll?

Á Akranesi eru flestir félagsmanna bundnir í kjarasamninga stóriðjunnar og skyldra fyrirtækja – samninga sem taka prósentuhækkunum sem SGS semur um. Þeir eru ekkert á leið í verkföll en munu að sjálfsögðu taka allan ávinning af verkföllum og vinnudeilum. Sama gildir um okkar eigin samninga við Alcoa og skyld fyrirtæki, svo og fiskimjölsverksmiðjur.

Miðað við málflutning manna síðustu vikur mætti búast við að VR myndi leiða baráttuna og þá boða til verkfalla til að fylgja kröfum sínum eftir. VR er fjölmennt og gríðarlega öflugt félag en meðallaun félaga eru há og þar er mikið um stjórnendur og millistjórnendur.



Félagið hefur nokkrum sinnum beitt verkfallsvopninu eða sennilega fjórum sinnum fyrir aldamótin síðustu. Lengsta verkfallið var 1976 og stóð í 9 daga. Árið 1988 háði félagið mjög hart verkfall og kom víða til átaka og ofbeldis, m.a. við flugstöðina í Keflavík þar sem verkfallsverðir reyndu að stöðva verkfallsbrot.

Árið 2015 aflaði félagið sér verkfallsheimildar, en samdi áður en til boðaðs verkfalls kom. Áður

höfðu starfsgreinasambandsfélögin á landsbyggðinni, þ.m.t. AFL Starfsgreinafélag, verið í verkföllum.

Það hefur því ekki skort á verkfallsvilja hjá VR á liðnum árum en það hlýtur að velta verulega á kröfugerðinni hvort félagsmenn eru tilbúnir til vinnustöðvana.

Stóru félögin í forystu

Miðað við málflutning síðustu vikur má búast við því að VR og Efling leiði baráttuna í komandi

kjarasamningum. Þaðan hefur mesta gagnrýnin á kjarabaráttu liðinna ára komið og því er eðlilegt að þessi félög fari fyrir í komandi átökum. Við hin hljótum því að bíða eftir því að þessi stóru og öflugtu félög klári undirbúningsvinnuna sína – móti kröfugerðir og tali við baklandið.

Skilaboð frá þessum félögum eru mikilvæg, sérstaklega þar sem það liggur alls ekki uppi hver samningsmarkmið verða. Nýkjörinn formaður Eflingar boðaði í formannskjöri sínu harðari aðgerðir til að knýja á um launabætur til þeirra lægst launuðu en formaður VR hefur nýverið fagnað áformum ríkisstjórnar um skattkerfisbreytingu sem mun færa milli- og hálaunafólki mun meira en láglaunafólki.

Hér telur hver vika því nú er að hefjast hefðbundinn sumarleyfatími og ekki við því að búast að hefðbundin félagsstörf nái þunga aftur fyrr en í september. Miðað við að samningar eru lausir um áramót er tíminn til stefnu litill og sérstaklega ef fólk vill vera tilbúið til átaka strax og samningar renna út. Klukkar tikkar.

Undirbúningur AFLs

AFL mun fara hefðbundna leið í undirbúningi. Í september verður farið í fundaherferð á vinnustöðum. Þar vonumst við til þess að ná sambandi við á annað þúsund félagsmenn. Þá verður dreift áherslulistum og síðan unnið úr svörum félagsmanna. Loks munu trúnaðarráð félagsins og samninganefnd leggja lokahönd á kröfugerð félagsins.

300 þúsund króna lágmarkstekjur

Með launahækkun þarsíðustu mánaðarmóta eru lágmarkstekjur í landinu núna 300.000 kr. Margir vita ekki hvað það þýðir og finnst það skjóta skökku við á meðan launataxtar eru allt niður í 266.000 kr. Fólk gengur illa að skilja hvernig taxtalaun geta verið undir lágmarksalaunum.

Lágmarksalaun þýða að enginn sem vinnur fulla dagvinnu eða vaktavinnu, þ.e. 173,33 klst á mánuði að meðaltali, á að hafa laun undir 300.000 kr. á mánuði. Ef einstaklingur á lægstu töxtum hefur enga launaauka, vaktalög eða áðrar

reglubundnar greiðslur, þarf að bæta honum þannig að heildarlaun verði 300.000 kr.

Ef viðkomandi er t.d. með launaauka upp 200 kr. pr. klst. eða 34.600 kr. pr. mánuð verða heildarlaun um 300.000 kr. Þannig getur launafólk verið á lægstu töxtum en ekki fengið „láglaunauppbót“ af því vaktalög eða bónusar hifa launin upp fyrir 300.000 kr. viðmið.

Það er til umhugsunar að stór hluti launatöflu alþýðusambandsfélaga skuli vera undir „láglaunatryggingu“ og mögulega væri samningsmarkmið að setja láglaunatryggingunni viðmiðunarstað, t.d. 4. launaflokk og

hækka þá öll laun um þá krónutölu sem til þarf. Það væru þá aðeins 4 neðstu launaflokkarnir sem nyttu láglaunatryggingar, aðrir væru þar fyrir ofan. Það myndi þýða að launaflokkar 8 og upp úr þyrftu að hækka um 26.000 kr. að lágmarki.

Athugið að kjarasamningsbundin 3% launahækkun tók gildi um síðustu mánaðarmót og tók til verkafólks, verslunarmanna og iðnaðarmanna. Nýja launataxta er að finna á heimasíðu AFLs. Laun starfsmanna sveitarfélaga og ríkisins hækka frá og með 1. júní og birtist ný launatafla á heimasíðu AFLs strax eftir næstu mánaðarmót.



Myndir segja meira en mörg orð

Undanfarið hefur ljósmyndari á vegum AFLs farið um næstum allt félagssvæðið og heimsótt vinnustaði. Teknar hafa verið myndir af félagsmönnum við störf í flestum starfsgreinum. Alls staðar var honum einstaklega vel tekið. Verkefnið er liður í átaki félagsins í bættri ásýnd og aukinni áherslu á rafræna upplýsingamiðlun, en um átakið var fjallað í síðasta fréttabréfi.



Andlitslyfting á vefnum

Meðal þess sem unnið er að í þessu sambandi eru smávægilegar breytingar á forsíðunni á vefnum. Gera má ráð fyrir því að myndirnar verði m.a. nýttar í tengslum við þær.

Mikið líf á Facebook-síðunni

Fyrir nokkrum vikum var nýrri Facebook-síðu félagsins hleypt af stokkunum. Henni hefur verið afar vel tekið og hefur þegar fengið á áttunda hundrað fylgjenda. Á síðunni hafa verið birtar greinar og stutt upplýsingamyndbönd, sem þúsundir hafa skoðað og margir deilt áfram. Jafnframt er þar að finna nokkuð mikið af myndum úr starfinu í gegnum tíðina. Félagsmenn eru hvattir til að skoða myndirnar og merkja sjálfa sig, ef þeir koma fyrir á þeim. Jafnframt eru þeir hvattir til að „læka“ síðuna, hafi þeir ekki gert það nú þegar.

Laun 18 og 19 ára

Ertu 18 eða 19 ára og hefur starfað í starfsgreininni í 6 mánuði eða 700 klukkustundir eftir að þú varst 16 ára? Þá áttu rétt á byrjunarlaunum 20 ára.

- Við 20 ára aldur er starfsreynslan metin að fullu.
- Í fiskvinnslu þar sem afköst eru vélstýrð eða unnið er eftir bónuskerfum taka 18 og 19 ára starfsmenn laun samkvæmt byrjunarlaunum 20 ára.

Ungt fólk á vinnumarkaði

Starfsgreinasamband Íslands stóð fyrir ungliðafundi á Bifröst í Borgarfirði 30. - 31. maí síðastliðinn. Þetta er í þriðja sinn sem SGS heldur þennan fund sem er aðdragandi að formannafundi innan sambandsins. Um 20 ungmenni víðsvegar af landinu mættu á fundinn og átti AFL tvo fulltrúa á fundinum, þau Karen Sif Randversdóttir og Sindri Mór Smáráson.

Dagskrá fundarins var spennandi og höfðaði til ungs fólks á vinnumarkaði. Farið var yfir áherslur þess í hreyfingunni og hverjar væru helstu áskoranir ungs fólks á vinnumarkaði. Undir þeim málaflokki voru miklar umræður um ofbeldi og þá sérstaklega kynferðisofbeldi, samskipti kynja á vinnustað og upplifanir ungs fólks á kynferðisofbeldi á vinnumarkaði í kjölfarið á #metoo byltingunni.

Gylfi Dalmann kom og fræddi okkur um vinnumarkaðinn í alþjóðlegu samhengi. Haraldur Daði Ragnarsson kom með erindi um framtíð vinnumarkaðarins og þátttöku í stéttarfélagum. Við fengum hjá þeim góða innsýn í mikilvægi stéttarféлага, stöðuna á vinnumarkaðinum og samskipti á vinnustað. Sólveig Rós, fræðslufulltrúi samtakanna '78, kom með fyrirlesturinn

Eru skápar á vinnustöðum? Við fengum hjá henni fræðslu um stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði og í samfélaginu.

Við enduðum á sameiginlegum fundi með formönnum og varaformönnum allra aðildarféлага SGS þar sem ungliðarnir komu á framfæri skoðunum sínum og hugmyndum. Þar var helst rætt um hvernig hægt væri að ná til ungs fólks sem er að taka sín fyrstu skref úti á vinnumarkaðnum og hvernig væri hægt að auka áhuga þess á vinnu stéttarfélaganna.

Mikil áhersla er lögð á að þeir sem á fundinn koma kynnist vel. Hópurinn er hristur saman með hópavinnu og samverustundum, má þar m.a. nefna spurningakeppni með spurningum úr verkalyðshreyfingunni og annars staðar frá. Þetta er góður vettvangur til að vekja áhuga ungs fólks á hreyfingunni og til að kynnast öðrum sem starfa innan hennar. Við fáum tækifæri til að ræða hin ýmsu málefni sem brenna á ungu fólki og hvernig við getum haft áhrif innan okkar stéttarfélags.

Karen Sif Randversdóttir og Sindri Mór Smáráson



Karen Sif er sjötta frá vinstri á myndinni og Sindri Mór áttundi frá vinstri. Mynd: Starfsgreinasambandið